

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sveit- 83**  
festi Helgu Jakobínu Jónsdóttur. — Eptir að jeg hef meðtekið álit yðar, herra amt- 14. júlí.  
maður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., um erindi frá hreppsnefndinni í Skinna-  
staðahreppi, þar sem hún áfrýjar til landshöfðingjans úrskurði yðar, uppkveðnum 24. nóv.  
f. á., en með honum er ákveðið, að Skinnastaðahreppur eigi að endurgjalda Glæsibæjar-  
hreppi kr. 63,80 fyrir styrk veittan Helgu Jakobínu Jónsdóttur, henni og börnum henn-  
ar til framfæris, fardagaárin 1881—1883, og til greptrunarkostnaðar yngra barns hennar,  
skal jeg yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar og ráðstöfunar þjónustusamlega  
tjá yður það, sem hjer fer á eptir.

Það er sannað og ómótmælt, að fyrnefnd Helga Jakobína Jónsdóttir sje fædd  
í Skinnastaðahreppi í Þingeyjarsýslu og að hún hafi ekki verið búin að vinna sjer fram-  
færslurjett í neinu öðru sveitarfjelagi, þegar þún á krossmessu 1871 kom inn í Glæsi-  
bæjarhrepp sem vinnukona á Einarstöðum. Það verður sömuleiðis að álitast sannað,  
að Helga þessi Jónsdóttir eptir 2 ára vist á Einarstöðum hafi vikið burt úr Glæsibæjar-  
hreppi um krossmessuleyti vorið 1873, en komið aptur inn í hreppinn um veturnatur  
sama ár og dvalið þar síðan, þangað til hún fardagaárið 1881—82 varð þurfandi sveitar-  
styrks, og var henni það ár og næsta fardagaár veittur samtals 63 kr. 80 a. styrkur af  
fátækrafje Glæsibæjarhrepps, sem hreppur þessi hefur heimtað endurgoldinn af fæðingar-  
hreppi Helgu, Skinnastaðahreppi. Hreppsnefnd Skinnastaðahrepps hefur aptur á móti  
haldið því fram, að Helga hafi unnið sjer framfærslurjett í Glæsibæjarhreppi með sam-  
fleyttri 10 ára dvöl þar árin 1871 til 1881, og að Skinnastaðahreppur því sje laus allra  
mála við hana.

Úrslit þessa máls eru þannig komin undir því, hvort dvöl Helgu í Glæsibæjar-  
hreppi á árunum 1871 til 1881 hafi verið samfleytt eða ekki, og er jeg yður, herra amt-  
maður, samdóma um, að sveitfestisdvöl hennar þar í hreppnum hafi slitnað vorið 1873,  
þegar hún fór frá Einarstöðum og burt úr hreppnum. Það er sem sje sannað með  
skýrslu Helgu og framburði 3 vitna, og ekkert framkomið þeim framburði til hnekis, að  
vistarráð Helgu á Einarstöðum hafi verið á enda á hjúaskildaga 1873, og að hún þá hafi farið  
burt úr Glæsibæjarhreppi og komið sjer fyrir á Akureyri, eptir því sem eitt vitni ber, með þeim  
huga að fara síðar um sumarið til Vesturheims. Þó að Helga síðar á árinu, að því er  
virðist um veturnatur, kæmi aptur inn í hreppinn og fengi að vera hjá systur sinni á  
Kollugerði, þá er sveitfestisdvöl hennar í hreppnum allt um það slitnið frá því að hún  
fór frá Einarstöðum og þangaðtil að hún kom að Kollugerði, þannig að hún til þess að  
vinna sjer framfærslurjett í Glæsibæjarhreppi hefði orðið að dvelja þar í 10 ár samfleytt  
frá því hún kom að Kollugerði án þess að þiggja sveitarstyrk, en það hefur hún ekki gjört.

Úrskurður yðar, herra amtmaður, um að Helga Jakobína Jónsdóttir eigi sveit á  
fæðingarhreppi sínum Skinnastaðahreppi, skal samkvæmt framansögðu standa óraskaður.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 84**  
urgjald kostnaðar við viðhald á landamerkjum þjóðjarða. — Samkvæmt tillögum yðar, 16. júlí.  
herra amtmaður, í þóknanlegum brjefum dagsettum 29. júlí 1884 og 2. júní þ. á., veiti  
jeg samþykki mitt til þess, að kostnaðurinn við að viðhalda landamerkjum þjóðjarða,  
eða að gjöra þau svo glögg, sem landamerkjalögin 17. marz 1882 skipa fyrir, svo sem  
að hlaða vörður eða setja merkjasteina, megi endurgjaldast hlutaðeigandi leiguliðum,  
30. dag júlímán. 1886.